

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf. um árlegan styrk vegna greiðslu fasteignagjalda

1. gr.

Samningsaðilar

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði, og Edinborgarhúsið ehf., kt. 580992-2779, Aðalstræti 7, 400 Ísafirði, gera með sér svofelldan samning um styrk sem nemur sömu fjárhæð og árlegur fasteignaskattur, lóðarleiga, holræsagjald og vatnsgjald, vegna fasteignarinnar að Aðalstræti 7 á Ísafirði.

Samningur þessi á sér stoð í aðgerðaáætlun með Menningarstefnu Ísafjarðarbæjar, sem samþykkt var árið 2022, en Edinborgarhúsið er skilgreint sem eitt af þremur menningarhúsum Ísafjarðarbæjar.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal veita Edinborgarhúsinu ehf. árlegan styrk sem nemur álögdum fasteignagjöldum að Aðalstræti, að undanskildu gjaldi vegna meðhöndlunar úrgangs, af fasteigninni að Aðalstræti 7, Ísafirði, fastanúmer 211-9023 (Edinborgarhús).

Samningur þessi tekur gildi frá og með álagningu ársins 2023, eða frá 1. janúar 2023, og gildir í tíu ár. Til hliðsjónar er álagning ofangreindra gjalda á árinu 2023 eftirfarandi:

Fasteignaskattur	kr.	2.842.950
Lóðarleiga	kr.	334.500
Holræsagjald	kr.	516.900
Vatnsgjald	kr.	516.900
Sorpgjald	kr.	0
Alls	kr.	4.211.250

Styrkur Ísafjarðarbæjar myndar ekki eignarhluta í húseigninni að Aðalstræti 7 á Ísafirði.

3. gr.

Skyldur Edinborgarhússins ehf.

Edinborgarhúsið ehf. skal standa að rekstri menningarhúss á Ísafirði, s.s. með reglulegu viðburðahaldi, listasýningum og annarri menningardagskrá, að Aðalstræti 7, 400 Ísafirði. Edinborgarhúsinu ehf. er heimilt að útvista verkefnum menningardagskrár, listaskóla og annars viðburðahalds til annars lögaðila eða einstaklings, svo fremi sem regluleg dagskrá fari fram í húsinu.

Edinborgarhúsið ehf. skal, árlega, afhenda Ísafjarðarbæ ársreikning og ársskýrslu vegna rekstrar hússins og eftir atvikum funda með fulltrúum Ísafjarðarbæjar um stöðu rekstursins og notkun hússins. Edinborgarhúsið ehf. skal tryggja að húsinu sé haldið við á viðunandi hátt.

4. gr.

Vanefndir

Vanefni Edinborgarhúsið ehf. skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi, að undangengnum skriflegum athugasemdum Ísafjarðarbæjar og tækifæri til úrbóta. Veruleg vanefnd gæti t.a.m. verið að rekstri hússins sem menningarhús verði hætt, eða starfsemi breytist verulega.

Komi til lækkunar leigu Edinborgarhússins ehf. til annars atvinnurekstrar í húsinu, s.s. ferðaþjónustu eða veitingastarfsemi, frá þeim samningum sem í gildi eru við undirritun samnings þessa, sem rekja má til styrks Ísafjarðarbæjar samkvæmt samningi þessum, áskilur Ísafjarðarbær sér rétt til segja upp samningnum eða endurskoða styrkfjárhæð með hliðsjón af mismunandi notkun hússins. Edinborgarhúsið ehf. skal því afhenda Ísafjarðarbæ til kynningar afrit nýrra leigusamninga eða breytinga á núverandi samningum, komi til þess.

5. gr.

Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður, 17. febrúar 2023

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Edinborgarhússins ehf.

Bryndís Ósk Jónsdóttir
sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Ingi Björn Guðnason
stjórnarformaður

Vottar að rétti dagsetningu og
undirritun aðila:
